

**Nd.**

## **106. Framvarp**

til fátækralaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. kafli.

### **Um framfærsluskylda.**

1. gr.

Sveitarstyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, vanneisu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sjer þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Sveitarstýrkur skal vera svo mikill, sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar, og honum haga svo sem hún telur rjett vera, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir. Sveitarstýrk skal endurgjalda eftir því, sem ákveðið er í lögum þessum, af þurfaling sjálfum eða framfærslumanni (2.—19. gr.).

Sá, er sveitarstýrk þiggur, er háður valdi sveitarstjórnar svo sem lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

3. gr.

Skylt er foreldrum í fjelagi og hvoru fyrir sig að framfæra og uppala börn sín þangað til þau eru 16 ára.

4. gr.

Nú gengur maður að eiga konu þá, er átt hefir áður með öðrum manni barn eða börn, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til fullnæðs 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, enda fylgi þau henni (27. og 28. gr.), og helst sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það söm og áður en konan giftist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sínu leyti hefir og kona við börn eiginmanns síns, þau er hann hefir átt, áður en hún giftist honum, með annari konu. Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aftur.

5. gr.

Skylt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörharn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafist framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins, nema kjörforeldrin þrjóti.

6. gr.

Börn skulu, svo sem þau eru fær um, ala önn fyrir foreldrum sínum, og mega eigi foreldrar verða sveitarþurfar, meðan þau eiga þau hörn á lifi, sem eru þess umkomin að annast þau. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri.

7. gr.

Framfærslumaður á rjett á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sin og ala þar önn fyrir þeim, ef hann fer vel með þá. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rjett og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sjer, eða ráða verustað þess.

Vilji framfærslumaður eigi una ákvæði sveitarnefndar, er honum rjett að fá um það úrskurð yfirvalds.

Ef framfærsluþurfi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlagið af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á þurfamaður tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sin, og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald, þar er þurfalingur á lögheimili eða er staddur, skera úr.

8. gr.

Um rjettindi og skyldur sveitarstjórna út af framfærslu hjóna og skilgetinna barna og óskilgetinna fer eftir sífjalögum, að því leyti sem lög þessi na ekki til.

9. gr.

Nú sýkist hjú manns eða slasast af ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs, og kostar það sjálft lækning sína og geldur húsbónda fyrir fæði og hjúkrun, meðan það er sjúkt og er á hans vegum.

10. gr.

Ef hjú sýkist eða slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda þess, hvort heldur af því að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því voru um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sjerstökum háska er bundinn, eður af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefn sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins.

11. gr.

Nú sýkist hjú eða slasast, og er hvorki um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs nje húsbónda þess, og greiðir það þá sjálft kostnað þann,

er leiðir af lækning þess og sjerstakri hjúkrun, en húsbónda þess er skylt að fæða það ókeyppis — einnig þótt fæðið verði að vera sjerstaklegt sjúkrafæði — í alt að 3 mánuði þritugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartimann.

Ef hjú sýkist eða slasast í tjarlægð frá heimili sínu, án þess sjálfu því eða húsbónda þess verði um kent, og verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað fyrir það í alt að 3 mánuði þritugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartimann og ekki yfir 1 kr. um hvern sólarhring.

Sama er og þegar hjú er komið burt af heimili sínu til lækninga eftir læknisráði, hvort heldur í sjúkrahús eða annað, enda sje hvorki því nje húsbónda þess um leguna að kenna.

#### 12. gr.

Samningur milli húsbónda og hjús um það, að vistinni skuli lokið, þegar er hjúð verði sjúkt, skal ógildur, og fari sjúkt hjú úr vist, annaðhvort af því að vistráðin hafa verið bundin slíkum skilmála eða af því, að svo hefir verið um samið eftir að það varð sjúkt, þá losast húsbóndinn eigi fyrir það við skyldu sína til framfærslu á hjúinu eftir lögum þessum, hvorki gagnvart hjúinu sjálfu nje framfærslumanni þess eða sveit.

#### 13. gr.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistartíminn sje á enda, nema lækni eða sóknarprestur eða tveir aðrir skilríkir menn lýsi yfir því álitu, að hjúinu sje ekkert mein þar af búíð, nje öðrum, ef sýkin er sótt-næm. Nú flytur húsbóndi samt hjúð burtu, og skal hann þá standast allan kostnað af hjúkrun og lækningu sjúklingsins.

#### 14. gr.

Þegar hjú, sem sýkist eða slasast í vistinni, á eftir ákvæðum þessara laga að greiða sjálf lækningarkostnað og hjúkrunar, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af dvalarsveitinni.

Deyi hjú í vist, skal húsbóndi annast greptrun þess, ef erfingjar gera það eigi, gegn endurgjaldi af sveitarsjóði, ef með þarf.

#### 15. gr.

Um framfærsluskyldu útgerðarmanns gagnvart skipverjum fer eftir siglingalögum.

Framfærslumaður skipverja eða framfærslusveit eiga sömu framfærslu-kröfu á hendur útgerðarmanni og skipverji, ef hann neytir ekki rjettar síns.

#### 16. gr.

Ef iðnaðarnemi, er býr hjá lærimeistara sínum, sýkist, þá er lærimeistari hans skyldur að sjá honum fyrir aðhjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eftir samningnum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, þó eigi lengur en 6 mánuði. Sje sjúk-

lingurinn talinn ólæknandi, eða nemandi hefir beðið það tjón á heilsu sinni, er talsvert kveður að og ætla má að verði langvint, skal lærimeistarann þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eftir að nemandinn varð fyrir því, og er hann upp frá því undanþeginn þeirri skyldu að annast hjúkrun og lækning nemanda.

Nú hefir svo verið um samið, að náminu skuli hætta, ef nemandi sýkist, eða svo verður um samið síðar, er nemandi verður sjúkur, að náminu skuli lokið, og losast lærimeistari ekki fyrir það frá hinum áðurgreindu skyldum sínum gagnvart fátækra sjóði, er leggja verður með nemanda.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í 9., 10. og 13. gr. laga þessara ná til nemenda, er eiga heima hjá lærimeistarannum, og skulu þar að auki ákvæðin í 10. gr. og ofangreind fyrirmæli um rjett lærimeistarans til þess að segja samningnum slitið, ef nemandi verður sjúkur, eiga við eins fyrir það, þótt hann sje eigi til heimilis hjá lærimeistarannum.

#### 17. gr.

Nú fullnægir framfærslumaður eigi framfærsluskyldu sinni, eða hann fer illa með þurfamann sinn eða ómaga, og er þá sveitinni skylt að annast framfærslu þurfamannsins eða ómagans gegn endurgjaldi frá framfærslumanni, svo fremi að sveitarstjórnin í dvalarsveit hans álitur, að hann sje fær um að greiða meðlagið. Álit þetta má leggja undir úrskurð yfirvalds, en úrskurði þeim má skjóta til atvinnumálaráðherra.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna í milli, barna yngri en 16 ára, nje heldur um framfærslu þá, er getur um í 9.—16. gr.

#### 18. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiða af ákvæðum næstu greinar á undan, ákveður yfirvald, þar er framfærslumaður á heima, eða dvelur, ef hann hefir hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, foreldra með hörnum, stjúpbörnum (4. gr.) eða kjörbörnum (5. gr.), hjóna hvors með öðru, og upphæð barnsfararkostnaðar (8. gr.).

#### 19. gr.

Nú er meðlagsúrskurður (18. gr.) löglega birtur og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rjett að taka fúlguna lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Ef ekki næst á þann hátt fúlga sú, er framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum (27. gr.), eða stjúpbarni sínu á sama aldri (4. gr.), þá skal um greiðslu fúlgunnar fara sem segir í lögum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu, að því er við verður komið, ef aðrir lögskyldir framfærslumenn barnómagans eru þess eigi megnugir að framfæra hann án sveitarstyrks, eða ómaginn eigi á annan hátt kemst af án sveitarstyrks.

## II. kafli.

### Um framfærslusveit.

#### 20. gr.

Hver hreppur, kaupstaður eða kauptún, er hefir sveitarstjórn sjerstaka, er framfærslusveit fyrir sig. Nú er skift sveit eða sveitamörkum breytt, og heldur þá sveitfestisdvölin áfram í þeirri sveit, er maður verður í við skiftinguna eða merkjabreytinguna, þannig að maður verður sveitfastur í þeirri sveit á þann hátt, að lögð er við dvöl hans þar eftir skiftinguna dvöl hans í hinu forna sveitarfjelagi hans.

#### 21. gr.

Eftir 16 ára aldur vinnur hver sá, sem hefir islenskan ríkisborgararjett, sjer framfærslurjett í þeirri sveit, þar sem hann hefir dvalist í 4 ár samfleytt búandi, vistfestur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann ekki þegið endurkræfan eða óendurkræfan sveitarstyrk á þeim árum.

#### 22. gr.

Nú hefir maður unnið sjer sveit víðar en í einu sveitarfjelagi, og á hann þá rjett til framfærslu í þeirri sveit einni, þar er hann hefir síðast unnið sjer sveit. Þeirri framfærslusveit, er maður á, sem orðinn er 60 ára gamall, heldur hann síðan.

#### 23. gr.

Sveitfestisdvöl telst frá þeim degi, að honum meðtöldum, er innflytjandi tekur sjer fast aðsetur í sveitinni, til þess dags, að þeim degi meðtöldum, er hann vikur þaðan burtu. Nú er hjú ráðið skildaga á milli og kemur í vist hálfum mánuði eftir hjúaskildaga, eða fer úr vist hálfum mánuði fyrir hjúaskildaga, og skal þá telja árið fult. Sama er og þótt hjúíð fari meira en hálfum mánuði fyrir skildaga úr vistinni, ef það er af því, að hjúaskildagi er fyrr í þeirri sveit, er hjúíð fer í, en í hinni, er það fer úr, enda fari það vist úr vist; svo er og, að telja skal árið fult, ef maður kemur um fardaga og fer aftur á hjúaskildaga. Eigi slitnar sveitfestisdvöl fyrir það, þótt maður sje í vist að hálfu í annari sveit, ef hann er þar eigi meira en eitt sveitfestisárið að hálfu.

Ef vinnuhjú flytur að visu ekki í vistina heim til húsbónda síns á vinnuhjúaskildaga, en fer þó þá þegar að vinna honum, t. a. m. í veri, á fiskiskipi o. s. frv., enda flytji í rauninni heim áður en vistarárið er hálfnað, þá telst það svo, sem það hafi byrjað dvöl sína á vinnuhjúaskildaga í sveit þeirri, er húsbóndi þess á heima í.

Lausamaður vinnur sjer eigi sveit þar, sem hann hefir ársheimili, nema hann dvelji þar að minsta kosti fjórðung af árinu.

Nú á maður fleiri heimili en eitt, og vinnur hann þá sveit þar, er aðaladsetur hans er.

24. gr.

Eigi vinnur maður framfærslurjett með dvöl sinni í skóla, sjúkrahúsi, heilsubæli eða þesskonar stofnun, eða fangahúsi. Slík dvöl slitur eigi heldur sveitfestisdvöl í þeirri sveit, þar er maður hefir verið næst áður, þannig að eigi maður á meðan sjálfstætt heimili í þeirri sveit, þá telst það aðalaðsetur hans, en hafi hann ekki haldið þar neinu heimili, þá vinnur hann að visu hvergi sveit, meðan hann dvelur í skóla, sjúkrahúsi, heilsubæli eða þesskonar stofnun, eða fangahúsi, en heldur aðeins áfram sveitfestisdvölinni, ef hann hverfur aftur til hinnar sömu sveitar eftir dvöl sína í nefndum stofnunum.

25. gr.

Danskir ríkisborgarar, heimilisfastir hjer á landi, vinna sjer sveit eftir þeim reglum, er segir í 21. gr.

Aðrir utanríkismenn vinna sveit hjer á landi, þá er þeir fá íslenskan ríkisborgararjett, og eiga þá framfærslurjett í þeirri sveit, þar sem þeir eiga lögheimili, er þeir óðlast ríkisborgararjettinn, þangað til þeir hafa unnið sjer sveit, eftir reglum 21. gr., annarsstaðar.

26. gr.

Kona gift er jafnan sveitföst þar, er maður hennar á sveit, og heldur ekkja manns sveitfesti þeirri, er maður hennar átti á deyjanda degi, þangað til hún vinnur sjer sjálf sveit. Svo heldur og kona, er skilin er að lögum við mann sinn, sveit þeirri, er hann átti, er þau skildu, þangað til hún vinnur sjer sjálf sveit.

27. gr.

Börn skilgetin og yngri en 16 ára fylgja framfærslusveit foreldranna þannig: Ef foreldrar eru báðir á lífi og hjónabandi þeirra eigi slitið að lögum, fylgja börnin sveit föður sins. Ef aðeins annað foreldra er á lífi, þá fylgja börnin framfærslusveit þess. Nú eru báðir foreldrar dánir, og fylgja þá börnin framfærslusveit þess þeirra, er síðar andaðist. Ef báðir foreldrarnir eru á lífi, en hjónabandi þeirra slitið að lögum, þá fylgir barn framfærslusveit þess foreldris, er það er hjá, eða síðast var hjá, eða það er á vegum þess.

28. gr.

Óskilgetin börn, yngri en 16 ára, fylgja framfærslusveit móður sinnar.

29. gr.

Maður 16 ára að aldri á framfærslurjett í fæðingarsveit sinni, þangað til hann vinnur sjer sveit.

30. gr.

Fæðingarsveit manns er sú sveit, þar er móðir hans átti lögheimili, er hann fæddist, eða átti síðast áður en barnið fæddist. Nú verður þetta eigi

vitað, og er þá sú sveit fæðingarsveit manns, þar er móðir hans var stódd, er hún ól hann.

31. gr.

Maður, sem eftir framansögðu hefir öðlast framfærslurjett á Íslandi, missir hann, þá er hann verður borgari í öðru ríki, að svo miklu leyti og á meðan hann að lögum getur eigi notið þeirra rjettinda, sem bundin eru við ríkisborgararjett. En öðlist hann aftur ríkisborgararjett, þá á hann framfærslu í þeirri sveit, er hann átti áður en hann varð borgari annars ríkis, þangað til hann vinnur sjer sveit af nýju eftir framantöldum ákvæðum.

32. gr.

Nú verður maður, sem eigi á framfærslurjett hjer á landi samkvæmt framanskráðum ákvæðum, þurfandi fátækrastryks hjer, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í þeirri sveit, þar er hann á lögheimili, eða, ef hann ekkert lögheimili á hjer á landi, þá í þeirri sveit, þar er hann dvelur, er hann verður styrks þurfandi.

Nú er þess krafist frá útlöndum, að tekið verði hjer við framfærslu manns, sem ekki á sveit hjer á landi eftir ákvæðum þessara laga, eða sveitfesti hans verður eigi fundin, og ráðherra álitur, að ekki verði hjá því komist að veita manni þeim viðtöku, og er þá rjett, að ráðherra visi honum, með fjölskyldu, ef nokkur er, til framfærslu á þá sveit, er hann til þess kýs, en styrkur sá, er sveitin veitir honum, skal henni endurgoldinn úr ríkissjóði.

### III. kafli.

#### Um það, hvernig haga skuli styrkveitingu.

33. gr.

Sveitarstyrk skal veita á þann hátt, að gætt sje, svo sem verða má, hvors-  
tveggja í einu, hagsmuna fátækrafjelagsins og þarfa og velferðar þurfalingsins.

34. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu þurfalings.

35. gr.

Þurfamönnum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sje lagður þeim á heimili þeirra, eða þeim komið fyrir á góðum heimilum, þar sem vel fer um þá, þeir látnir fara í sjúkrahús, ef læknir álitur þess þörf, eða þeim loks komið fyrir á framfærslu- eða vinnustofnun, sem er undir umsjón lög-  
reglustjóra og ráðherra hefir sett reglur fyrir.

36. gr.

Nú geta foreldrar ekki staðið straum af börnum sínum yngri en 16

ára, og má þá fátækrastrjórnin taka þau frá foreldrum þeirra og koma fyrir á góðum heimilum hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum.

Engu siður skal kosta kapps um að velja slík heimili handa munadarmála lausum sveitarbörnum.

#### 37. gr.

Ef foreldrar, sem eigi þiggja af sveit, veita eigi börnum sínum, er hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi, eða fara illa með þau, þá skal fátækrastrjórnin koma börnunum burtu þaðan á góð heimili, þar sem þau fá góðan aðbúnað og hæfilega fræðslu og venjast algengri vinnu, og skal meðgjöf með þeim þangað talin sveitarstyrkur, veittur foreldrum barnanna, nema hún sje þegar í stað endurgöldin.

#### 38. gr.

Sóknarprestar skulu lita eftir því, að fyrirmælum í 36. og 37. gr. sje fylgt, og yfir höfuð, að vel sje farið með börn þau, er ræðir um, svo og alla aðra niðurstæninga í sóknum þeirra, sem og þurfamannabörn, er upp eru alin hjá foreldrum sínum. Ef presti þykir einhversstaðar vera misbrestur á þessu, og hann getur eigi með umvöndun komið lögum á það, ber honum að kæra mál það fyrir lögreglustjóra, er halda á fátækrastrjórninni til að gæta skyldu sinnar.

Innansveitarmenn hafa einnig rjett til að kæra yfir vanrækslu í þessu efni, og er lögreglustjóra skylt að rannsaka kærur þær. Skulu slík mál sæta meðferð almennra lögreglumála.

#### 39. gr.

Fátækrastrjórn skal gera sjer far um að stuðla að því, að börn, sem upp eru alin á sveit, fái sæmilega atvinnu, þá er þau eru af ómagaldri.

#### 40. gr.

Vinnandi mönnum ósjúkum, er leita fátækrastrýrks vegna þess að að þeim þrengir um stund, má hreppsnefnd eða hajarstjórn visa á atvinnu, ef fæst, eða til opinberrar vinnustofnunar, ef til er.

### IV. kafli.

#### Vald sveitarstjórnar yfir þurfamönnum.

#### 41. gr.

Sá, sem þegið hefir sveitarstyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld, sbr. þó 42., 43., 63., 66. og 67. gr.

Sveitarstyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barni innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í fjelagi, ef þau eru gift og bæði á



lífi, en annars því foreldri barnsins, er barnið fylgir að sveitfesti (27. og 28. gr.), ef það foreldri barnsins er á lífi; en sje barnið munaðarlaust, fellur endurgjaldskrafan niður.

42. gr.

Ekki á sveitarstjórn rjett á að krefjast nokkurs endurgjalds á styrk, veittum af sveitarfje til að greiða:

- a. Gjald fyrir nauðsynlegar bækur og kensluáhöld handa börnum undir 14 ára að aldri, og
- b. Greftrunarkostnað þurfamanna, að því leyti sem eftirlátnar eignir þeirra hrökkva ekki til.

43. gr.

Skylt er sveitarstjórn, er hún veitir styrk úr sveitarsjóði, að kveða svo á, að styrkurinn skuli ekki afturkræfur af styrkþega, ef hún telur það sanngjarnnt vegna elli þiggjanda, ómegðar hans, veikinda hans eða þeirra, sem hann hefir á skylduframfæri, eða vegna annara óhappa hans. Eigi styrkþegi ekki framfærslusveit þar, sem hann fær styrkinn, má þó sveitarstjórn dvalarsveitar ekki ákveða, að styrkurinn skuli teljast óafturkræfur, nema sveitarstjórn framfærslusveitar samþykki.

Ákvæðum 1. málgr. má einnig beita um sveitarstyrk, sem veittur hefir verið 2 síðustu árin áður en lög þessi öðlast gildi, ef styrkþegi óskar.

Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn sveitarstyrk, ef 2 ár eru liðin frá því, er þurfamaðurinn þáði af sveit.

44. gr.

Nú hafa hjón komist í sveitarskuld í fjelagi, eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana báðum fyrir annað og öðru fyrir bæði; þó skal, ef annað þeirra deyr og ekki er fjé til að greiða skuldina, eigi hvila á því eftirlifanda meira en helmingur sveitar-skuldar þeirrar, sem þau voru þá í, og ekkert á ekkju, ef hún hefir skyldu-ómaga.

45. gr.

Þegar þeginn sveitarstyrkur er færður inn í sveitarbókina og meiri hluti hreppsnefndar eða að minsta kosti oddviti hefir skrifað undir innfærsluna, að hún sje rjett tilfærð, er bókin sönnun fyrir skuldinni. Sveitarstjórn getur beiðst lögtaks á skuldum eftir fyrir mælum laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Lögtaksbeiðnin er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

46. gr.

Sveitarstjórn getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn sveitarstyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eftirriti af uppskriftargerðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því er styrkinn snertir, legst veðband á hina uppskrifuðu muni skuldinni til tryggingar.

Heimilt er sveitarstjórn að fara með fjárkröfur sveitarþurfa á hendur öðrum mönnum, án þess samþykki hans komi til.

Verkfæri eða búsmunir, sem sveitarstjórn fær þurfamanni í hendur, eru eftir sem áður eign sveitarinnar.

47. gr.

Sannist það fyrir ráðherra, að sá, er þiggur eða þegið hefir sveitarstyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða eftirgefinn, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal ráðherra eftir beiðni sveitarstjórnar og tillögum sýslumanns eða bæjarfógeta svifta hann fjárráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðum er sviftur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að sveitarstyrkurinn sje endurgoldinn, skal ráðherra nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviftur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

48. gr.

Sá, sem þiggur af sveit og er þó vinnufær, er skyldur að fara í hverja þá viðunanlega vist, og vinna hverja venjulega vinnu, sem sveitarstjórnin ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sjer og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur til að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sje viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra, er sker úr því, eftir að hafa fengið umsögn sveitarstjórnarinnar og leitað álits tveggja óvilhallra manna.

Á sama hátt getur framfærslusveit barnsföður látið hann vinna af sjer barnsfúlgu þá, er hún hefir orðið að borga, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fanga-  
viðurværi og við skylduvinnu, og ákveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til framfærslusveitar, enda greiði hún kostnað allan af fangelsisvistinni.

Nú hefir framfærslusveit ekki fengið meðlag greitt fyrir þá sök, að ókunnugt hefir verið um dvalarstað greiðanda eða hann hefir komist undan lagaaðförum, og er þá þeirri sveit, sem ekki hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er greiðandi kemur síðar fram, að ganga að honum að lögum, ef ekki er um seinan, að því er meðlagið snertir.

49. gr.

Nú óhlýðnast þurfamaður skipun sveitarstjórnar, þeirri er getur um í næstu grein hjer á undan, og má þá kæra hann um það fyrir lögreglu-

stjóra, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist, með sektum eða fangelsi, eftir málavöxtum.

Með mál út af brotum gegn þessari grein skal fara sem almenn lög-reglumál.

50. gr.

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefir vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að læra að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærsluhreppi þeirra heimtar, skyldur að setja viðunanlega tryggingu fyrir því, að vandamenn hans, er eftir verða, verði eigi sveitarfjelinu til þyngsla að minsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni lögreglustjóri utanförina, nema þessum skilyrðum sje fullnægt.

51. gr.

Nú sýnir þurfalingur mikla óhlýðni eða þrjósku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknyttu eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í alt að 3 mánuði, þó því aðeins, að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu, með samþykki lögreglustjóra og eftir reglum, er ráðherra þar um setur.

Kostnaður við fangelsisvist eftir grein þessari greiðist af sveitarsjóði.

## V. kafli.

### Viðskifti sveitarstjórna.

52. gr.

Nú þarfnast maður sveitarstyrks, og skal hann þá veittur honum af dvalarsveit jafnt fyrir það, þótt hann sje eigi sveitlægur þar í hreppi, gegn endurgjaldi, og á hún jafnan aðgang að framfærslusveit hans fyrir veittan sveitarstyrk, þótt þurfamaður eigi lögskyldan framfærslumann, jafnvel inn-sveitis. Þó á dvalarsveit aldrei heimtingu á endurgjaldi af hálfu framfærslusveitarinnar á meira en tveim þriðju hlutum af styrk þeim, er hin fyrnefnda hefir veitt þurfalingnum, nema svo standi á, sem segir í 57. gr., eða þurfalingur verður, eftir úrskurði hjeraðslæknis, eigi fluttur á framfærslusveit sína, sakir sjúkleika, þá er dvalarsveit hefir öðlast rjett til þess að flytja hann samkvæmt 58. gr.; skal framfærslusveit endurgreiða allan kostnað af honum upp frá því, meðan hann verður ekki fluttur. En skylt er framfærslusveit, ef þurfalingurinn er eða verður þess megnugur að endurgjalda sveitarstyrk þann, er honum hefir verið veittur af framfærslusveitinni, að annast um, að sá hluti styrksins, er dvalarsveitin fjeck ekki endurborgaðan, verði að rjettri tiltölu endurgreiddur.

Ekki á dvalarsveit rjett á að fá að neinu leyti endurgoldinn af framfærslusveit styrk þann, er ræðir um í 42. gr.

53. gr.

Áður en utansveitarþurfaling sje veittur sveitarstyrkur, skal — nema styrkspörfin sje svo brýn, að til þess fáið ekki svigrúm, en þá svo fljótt sem unt er — sveitarstjórnin í dvalarsveitinni láta sýslumann eða hreppstjóra yfirheyra þurfalinginn með vottum, til þess að fá skýrslu um þessi atriði:

1. Nafn, fæðingarstað, aldur þurfamannsins, og framfærslusveit hans, þá er hann var 16 ára gamall; sje hann giftur, skal skýra frá því, hvar og hvenær hann hafi giftst.
2. Æfiferil hans eftir 16 ára aldur.
3. Hvort og hvenær hann hafi þegið sveitarstyrk, og hvort styrkurinn sje endurgoldinn.
4. Heimilisástandur hans og hag yfirleitt og hvers vegna hann sje þurfandi orðinn.

Sje skýrslan gefin fyrir lögreglustjóra, skal hún tekin í rjetti. Taki hreppstjóri skýrsluna, skal hún rituð á eyðublað, er ráðherra semur, gefin undir eiðstilboð, undirrituð af hreppstjóra, tveim vitundarvottum og þurfamanninum sjálfum. Nú verða hjón þurfandi fyrir sig og börn sín, og gefur þá maðurinn hina umræddu skýrslu, ef hann er viðstaddur eða til hans næst án of mikillar tafar. Að öðrum kosti gefur konan skýrsluna eftir bestu vitund, og sje skýrslu hennar í einhverju ábótavant, þá skal úr bæta svo fljótt sem hægt er og á þann hátt, er hentugast er.

Ef utansveitarbarn yngra en 16 ára þarfnast styrks, og hvorugt foreldra er innansveitar, þá skal leita skýrslna um barnið hjá þeim mönnum nærstöddum, sem helst mega af vita.

54. gr.

Nú er skýrsla sú, er um getur í næstu grein á undan, eigi tekin á löglegan hátt, áður en styrkurinn er veittur, eða svo fljótt og svo fullkomin, sem unt er, og missir þá blutadeigandi sveitarfjelag rjettinn til endurgjalds á styrknum.

55. gr.

Nú er sveitarstyrkur veittur þurfamanni samkvæmt 52. gr., og skal þá fátækrastrjórnin, áður en hálfur mánuður er liðinn frá styrkveitingunni, senda sýslumanni sinum eða bæjarfógeta áskorun um að útvega, svo fljótt sem við verður komið, viðurkenning fyrir sveitfesti þurfamanns, eða sönnun fyrir, hvar hann sje sveitlægur, svo framarlega sem þetta er eigi þegar fullvist. Þá skal sveitarstjórnin og krefjast þess, að styrkurinn sje endurgoldinn af framfærslusveitinni. Jafnframt skal send skýrsla sú, er um er rætt í 53. gr. Vanræki sveitarstjórnin að gera það, sem fyrir er mælt í grein þessari, missir sveitar-sjóður rjett til endurgjalds á hinum veitta sveitarstyrk.

56. gr.

Hvar þess er dvalarsveit missir fyrir vanrækslu sveitarstjórnar, lögreglu-

stjóra eða hreppstjóra rjett til endurgjalds á styrk veittum utansveitarmanni, skulu þeir, er sekir eru, bæta sveitinni skaðann.

57. gr.

Þegar gerð er fyrirspurn til sveitarstjórnar um það, hvort hún kannist við framfærslurjett þurfalings i sveit sinni, eða sent erindi um önnur atriði viðvikjandi sveitfesti þurfalings eða styrk honum veittan, skal hún, áður en 4 vikur eru liðnar frá því, er málaleitunin barst henni til handa, senda hlutað-eigandi yfirvaldi svar sitt við henni; að öðrum kosti skal það varða hana sektum, eftir atvikum dagsektum, sem renna i sýslusjóð, eftir ákvæði sýslu-manns, eða i rikissjóð eftir ákvæði ráðherra, ef hæjarstjórn er sek.

Nú verður dráttur á endurborgun sveitarstyrks til dvalarsveitar af hálfu framfærslusveitar meir en 6 mánuði frá því hún fjeck tilkynning um sveitar-styrkinn, og skal þá siðarnefnd sveit greiða vexti af styrksupphæðinni, 6 af hundraði um árið frá þeim tíma.

Nú verður eftir úrskurði yfirvalds óþarfur dráttur af hálfu framfærslu-sveitar á að viðurkenna sveitfesti þurfalings, og skal hún þá endurgreiða dval-arsveit hans allan þann styrk, er dvalarsveitin hefir veitt honum frá þeim tíma, sem framfærslusveit fjeck tilkynning um þurfaling.

58. gr.

Nú hefir maður, sem framfærslurjett á annarsstaðar, þegið 300 kr. styrk eða meira i dvalarsveit sinni, og hefir þá dvalarsveit hans og framfærslu-sveit hvor um sig rjett til að krefjast þess, að hann sje fluttur fátækraflutningi á framfærslusveit sína.

59. gr.

Þurfaling má eigi flytja fátækraflutningi úr einum hreppi i annan, nema áður sje ákveðið, hvar hann eigi framfærslurjett, annaðhvort með yfirlýsingu sveitarstjórnar þeirrar, er i hlut á, eða með úrskurði yfirvalds.

60. gr.

Nú á þurfalingur að flytjast á framfærslusveit sína, og skal þá lögreglustjóri fá honum vegabrjef, er sýni, frá hverri sveit og til hverrar sveitar hann skuli fluttur, svo og hve margt fólk er i flutningnum, ef um fleiri er að ræða. Skal tilgreina nöfn þeirra og aldur.

61. gr.

Dvalarsveit og framfærslusveit þurfalings annast flutning hans; koma þær sjer saman um, hvor þeirra skuli framkvæma hann, en náist ekki sam-komulag um það, getur dvalarsveit ein annast flutninginn. Ef framfærslusveitin heimtar, að fátækraflutningur skuli fram fara, án þess að tiltaka, hvernig hon-um skuli hagað, skal lita svo á, að hún ætlist til, að sveitarnefndin i dvalar-sveitinni annist flutninginn, enda skal hin siðarnefnda þá skyld þar til.

Flutningurinn byrjar hjá hreppstjóra eða lögreglustjóra i dvalarsveitinni, og endar hjá hreppstjóra eða lögreglustjóra i framfærslusveitinni.

62. gr.

Þurfamañn skal flytja svo beina leið, sem verður, hvort sem flutningurinn fer fram landveg eða sjóveg; svo skal haga flutningi þurfalings, að lífi hans og heilsu sje eigi í hættu stofnað.

63. gr.

Af kostnaði við flutning þurfamanns ber dvalarsveit einn þriðjung, en framfærslusveit tvo þriðjunga; skal allur kostnaðurinn greiddur til bráðabirgða úr sjóði þess sveitarfélags, er flutninginn annast.

Flutningskostnaðinn skal eigi telja sveitarstyrk veittan þurfaling.

64. gr.

Nú vanrækir sveitarstjórnin í dvalarsveitinni að flytja þurfamañn fá-tækraflutningi, er henni bar að annast, og skal þá framfærslusveitin með öllu laus við að endurgjalda styrk þann, er þurfamaðurinn þiggur í dvalarsveitinni frá þeim tíma, er flutningurinn hefði átt fram að fara, þangað til hann verður framkvæmdur.

65. gr.

Nú verður ágreiningur sveitarfélaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá yfirvald skera úr ágreiningi þeim. Sjeu sveitarfélög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja yfirvald þar, er það sveitarfélag er, sem krafid er. Úrskurði yfirvalds má hvor málsparta skjóta til ráðherra á 6 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðilja varð kunnugt um úrskurðinn, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á pósthöð til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu ráðherra, ef ekki er sent með pósti.

Úr deilum út af sveitarframfæri milli sveitar hjer á landi og sveitarfélags í Danmörku skal skorið með samkomulagi milli hlutaðeigandi íslensks og dansks ráðherra.

## VI. kafli.

### Sjerstakur styrkur úr ríkissjóði.

66. gr.

Ef þurfalingur fer eftir læknisráði í sjúkrahús, annað en holdsveikra-spítala eða geðveikrahæli, þá greiðir framfærslusveit hans  $\frac{2}{6}$  hluta meðlagskostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 kr. á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, en aldrei nema fyrir 4 sjúklinga á ári úr sama sveitar- eða bæjarfélagi. Um berklaveika sjúklinga fer eftir því,

sem ákveðið er í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti sem þau lög koma í bága við þessa grein.

Styrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein, er ekki afturkræfur hjá styrkþega.

67. gr.

Nú er manni, sem á framfærslusveit hjer á landi, veittur sveitarstyrkur erlendis, og er þá framfærslusveit hans skylt að endurgjalda þann styrk alt að 400 kr. um árið, þó ekki yfir  $\frac{2}{5}$  hluta styrksins. Það, sem fram yfir er, greiðist úr rikissjóði. Sömu leiðis greiðist úr rikissjóði allur kostnaður við flutning þess þurfamanns og skylduliðs hans frá útlöndum alla leið til framfærsluhreppsins, ef til slíks flutnings kemur og kostnaðurinn við hann fæst ekki á annan hátt endurgoldinn.

Styrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein, er ekki afturkræfur.

VII. kafli.

**Um það, hver lagaákvæði sjeu numin úr gildi með lögum þessum og hvenær lögin öðlast gildi o. fl.**

68. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þessi lagaákvæði:

Lög nr. 44, 10. nóv. 1905, að því leyti, sem þau eru eigi áður úr gildi feld.

Lög nr. 33, 20. október 1913.

Lög nr. 61, 27. júní 1921.

Lög nr. 13, 20. júní 1923.

Ennfremur eru úr gildi numin öll önnur ákvæði gildandi laga, þau er koma í bága við lög þessi.

69. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1928.